

Sp.

480. Tillaga til þingsályktunar

[237. mál]

um notkun farstöðva.

Flm.: Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta endurskoða fjarskiptareglur Pósts og síma að því er varðar notkun farstöðva í bifreiðum og öðrum farartækjum, á vinnustöðum, í heimahúsum og á víðavangi. Endurskoðunin taki mið af þeim tæknilegu framförum, sem orðið hafa í framleiðslu fjarskiptatækja að undanfögnu, og stefni að því að um notkun farstöðva gildi raunhæfar reglur, sem dragi ekki úr gildi stöðvanna sem öryggistækja.

Greinargerð.

Framfarir í fjarskiptatækni hafa verið undraðrar síðustu árin. Meðal þess, sem þessar framfarir hafa haft í för með sér, er að litlar handhægar talstöðvar, svonefndar farstöðvar (CB-stöðvar), er notaðar eru í 27 MHz tíðnisviðinu, eru nú orðnar mjög algengar bæði í bifreiðum og ýmsum öðrum farartækjum og vinnuvélum, í heimahúsum og vinnustöðum, og til notkunar á ferðalögum, svonefnd labb-rabb tæki.

Samkvæmt upplýsingum Pósts og síma höfðu hinn 1. september sl. verið skráðar hér 10 400 stöðvar. Þar af var vitað að um eitt þúsund voru ekki lengur í notkun. Í greinargerð, sem flutningsmaður aflaði sér um þessi mál frá Pósti og síma s. l. haust, segir orðrétt er fjallað er um fjölda stöðvanna: „Auk þess er í umferð fjöldinn allur af smygluðum stöðvum og telja ýmsir að þær skipti þúsundum.“

Greinilegt er að reglur þær, sem nú eru í gildi um notkun þessara stöðva, eru úr samhengi við veruleikann, og þess vegna eru þær þverbrotnar, einkum að því er varðar sendiafl, en einnig að því er rásafjölda varðar. Nú munu til dæmis eingöngu framleiddar 40 rása stöðvar í Bandaríkjunum, en þær eru vegna úreltra reglna ólöglegar hér á landi. Flestar stöðvanna koma hingað með meiri sendistyrk en leyfilegt er samkvæmt reglum Pósts og síma, og því þarf að draga úr styrknum, og sér Póstur og sími um það. Það mun hins vegar vera lítið verk að færa styrkinn í upprunalegt horf, þegar skirteini og skráning er fengin.

Ástæðan til þess, að Póstur og sími hefur viljað draga úr sendistyrk stöðvanna, er sú að þær munu hafa átt það til að valda truflunum einkum í sjónvarpstækjum. Slíkt mun nú að mestu úr sögunni með nýjustu og fullkomnustu gerðum slíkra stöðva.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það, hver öryggistæki talstöðvar af þessu tagi eru. Þess vegna er nauðsynlegt að um þær gildi reglur er séu í samræmi við raunveruleikann og reglur sem farið sé eftir. Það er tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu, að efnt verði til endurskoðunar á gildandi reglum um þessi mál í því skyni að koma þar á betri skipan en verið hefur til þessa.